

# Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 15. júlí 2016 í máli nr. E-843/2016:

**A f.h. X-hóps innan Y**

*(Sigurður Kári Kristjánsson hdl.)*

**gegn**

**B**

*(Björn L. Bergsson hrl.)*

## I

Mál þetta, sem var tekið til úrskurðar 7. júlí sl., er höfðað með stefnu sem birt var í Lögbirtingablaði 29. janúar 2016, af A, [...], fyrir hönd X-hóps innan Y, gegn B, [...] í Rúmeníu.

Í málinu gerir stefnandi þá kröfu að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda, f.h. hönd X-hóps innan Y, skaðabætur að fjárhæð 19.412.025 krónur með nánar tilgreindum vöxtum og dráttarvöxtum. Enn fremur krefst stefnandi málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti.

Af hálfu stefnda er að svo stöddu einungis gerð krafa um að málinu verði vísað frá dómi og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar. Með vísan til 2. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, áskilur stefndi sér rétt til að leggja fram greinargerð um efnisvarnir verði ekki fallist á frávísunarkröfuna.

## II

Stefndi mun hafa tekið við starfi ritara X-hóps innan Y (X-hópsins) árið 2008. Í upphafi var starfshlutfallið 30%, en var aukið í 70% þegar stefnandi, A, tók við formennsku X-hópsins árið 2009. Fram kemur í stefnu að stefndi hafi, vegna starfa sinna sem ritari eða framkvæmdastjóri X-hópsins, fengið til afnota American Express kreditkort X-hópsins í ársbyrjun 2009. Mun kortið í hagræðingarskyni hafa verið skráð á nafn og kennitölu stefnanda, eins og allir bankareikningar hópsins, enda hópurinn ekki „sjálfstæð lögpersóna“, eins og segir í stefnu. Mun starfsmaður stefnanda hafa greitt skuldbindingar vegna notkunar kortsins með fjármunum af tékkareikningi sem var sérstaklega merktur X-hópnum. Í stefnu kemur fram að þeir fjármunir hafi verið millifærðir af gjaldeyrisreikningi sem hafi geymt framlög Y til X-hópsins.

Rannsókn mun hafa farið fram á bókhaldi X-hópsins þegar formennska hans fluttist frá A til finnsks X-flokks. Í kjölfar þeirrar rannsóknar var gefin út ákæra á hendur stefnda 18. desember 2012 þar sem honum voru gefin að sök umboðssvik með því að hafa misnotað aðstöðu sína til að skuldbinda stefnanda, A, þegar hann notaði kreditkort flokksins í 321 skipti til úttekta á reiðufé og til kaupa á vörum og

þjónustu fyrir samtals 19.412.025 krónur. Af hálfu stefnanda, A, var jafnframt gerð krafa um að stefndi yrði dæmdir til greiðslu skaðabóta að sömu fjárhæð.

Stefndi var sakfelldur fyrir framangreint brot með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 14. október 2013. Jafnframt var hann dæmdur til að greiða stefnanda, A, umkrafðar skaðabætur. Í héraðsdómi var á því byggt að flokkurinn myndi bera það tjón sem hlotist hefði af brotum stefnda þó að fjármunirnir hafi komið úr sjóði X-hópsins. Þá var vísað til fundargerðar framkvæmdastjóra X-flokkanna frá 11. desember 2012 þar sem fram hafi komið að A myndi krefjast bóta í málinu og endurgreiða X-hópnum fjármunina.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar Íslands. Í dómi réttarins 5. febrúar 2015 var skaðabótakröfu A vísað frá héraðsdómi með þeim rökum að af gögnum málsins yrði „hvorki ráðið að bótakrefjandi hafi endurgreitt þá fjármuni, sem krafan tekur til, né að honum hafi verið falið málsóknarumboð til innheimtu þeirra“. Því væri aðild bótakrefjanda svo vanreifuð að vísa þyrfti kröfunni frá héraðsdómi.

Stefnandi, A, lagði við þingfestingu þessa máls, 15. mars 2016, fram fjögur umboð, dags. 23. júní 2015, frá jafn mörgum stjórnmalaflokkum, sem tilheyra hópi X stjórnmalaflokka innan Y, ásamt A. Þessir flokkar eru C frá Danmörku, D frá Finnlandi, E frá Noregi og F frá Svíþjóð. Í umboðunum, sem eru samhljóða, segir að undirritaður, sem í þremur tilvikum eru framkvæmdastjórar viðkomandi flokka og í einu tilviki ritari flokksins, veiti A fullt og ótakmarkað umboð til að höfða einkamál gegn stefnda til að endurheimta umrædda fjármuni. Í niðurlagi allra umboðanna segir að samkvæmt umboðinu sé A heimilt að koma fram í dómi fyrir hönd viðkomandi stjórnmalaflokks.

### III

Af hálfu stefnda eru færð þau rök fyrir frávísun málsins að lög standi ekki til málsóknarumboðs af því tagi sem stefnandi byggir á til stuðnings því að höfða málið í eigin nafni. Stefndi bendir á að fjármuninum sem um ræðir hafi verið ráðstafað af reikningi sem hafi tilheyrt X-hópi stjórnmalaflokka innan Y. Þessi hópur sé ekki sjálfstæð lögpersóna samkvæmt því sem fram komi í stefnu. Því verði ráðið af málatilbúnaði stefnanda að stjórnmalaflokkarnir séu sameiginlegir eigendur ætlaðrar skaðabótakröfu sem höfð sé uppi í málinu. Því ættu þeir að standa sameiginlega að málshöfðuninni að mati stefnda, sbr. 18. gr. laga nr. 91/1991. Umboðin sem liggja fyrir veiti stefnanda ekki heimild til að höfða mál þetta í eigin nafni. Að auki sé enga heimild að finna í lögum fyrir eigendur ætlaðrar kröfu til að veita stefnanda umboð til þess að fara með málið fyrir þeirra hönd í eigin nafni. Slík málsóknarumboð helgist ekki af dómvenju. Því beri að vísa málinu frá. Jafnframt gerir stefndi athugasemd við opinbera birtingu stefnunnar, enda telur

hann engar forsendur til annars en að stefnubirting hefði átt að takast. Því sé áhorfsmál hvort skilyrðum 89. gr. laga nr. 91/1991 hafi verið fullnægt svo birta hafi mátt stefnuna í Lögbirtingablaði.

Af hálfu stefnanda er þess krafist að frávísunarkröfunni verði hafnað og að málið verði tekið til efnismeðferðar, auk þess sem hann krefst málskostnaðar. Stefnandi byggir á því að röksemd stefnda fyrir því að birtingu stefnu hafi verið áfátt sé haldlaus, sbr. 3. mgr. 83. gr. laga nr. 91/1991. Þá hafi skilyrðum 89. gr. sömu laga verið fullnægt, enda hafi birting verið reynd án árangurs á því heimilisfangi sem stefndi hafði gefið upp sem heimilisfang sitt í Rúmeníu. Stefnandi mótmælir einnig röksemdum stefnda fyrir því að stefnanda skorti umboð til þess höfða málið í eigin nafni. Í því efni vísar stefnandi einkum til forsendna Hæstaréttar Íslands fyrir því að vísa skaðabótakröfunni frá dómi. Hafi rétturinn talið að stefnanda skorti málsóknarumboð til að gera kröfuna í eigin nafni, en úr því hafi nú verið bætt með þeim umboðum sem liggja fyrir. Þá vísar stefnandi til þess að fjöldi dæma séu um það í dómaframkvæmd að aðila hafi verið heimilað að reka mál í eigin nafni fyrir hönd annarra á grundvelli málsóknarumboða án sérstakrar lagaheimildar, sbr. m.a. dóma Hæstaréttar Íslands frá 1955, sem birtir eru á bls. 108 og 321 í dómasafni réttarins það ár, og í málum nr. 119/2004, nr. 560/2009 og nr. 338/2009.

#### IV

Sæki stefndi þing við þingfestingu máls, eins og stefndi gerði við þingfestingu þessa máls, breytir engu þótt stefna hafi ekki verið birt eða komið á framfæri við hann, galli hafi verið á birtingu hennar eða að birt hafi verið með of skömmum fyrirvara, sbr. 4. mgr. 83. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Því kemur ekki til álita að vísa málinu frá á þeim grunni að skilyrðum hafi ekki verið fullnægt til að birta mætti stefnuna í Lögbirtingablaði.

Stefnandi, A, hefur höfðað mál þetta fyrir hönd X-hóps innan Y. Þeir fjármunir sem sakamálið laut að tilheyrði X-hópnum, eins og stefnandi kallar hann, en hann kveður þennan hóp ekki vera sjálfstæðan lögaðila. Þar sem stefnandi höfðar málið fyrir hönd X-hópsins virðist hann þó ekki líta svo á að X-hópurinn njóti aðildarhæfis, en ágreiningslaust er að hann var rétthafi þeirra fjármuna sem málið lýtur að.

Í málinu liggur fyrir staðfesting G, framkvæmdastjóra Y, þess efnis að C, D, E og F auk A myndi X-hópin [...]. Fyrirsvarsmenn þessara norrænu flokka hafa veitt stefnanda, A, umboð til þess að koma fram fyrir hönd þeirra við málshöfðun þessa. Stefnandi hefur kosið á grundvelli umboðanna að höfða málið fyrir hönd X-hópsins, sem flokkarnir tilheyra, og var, eins og áður segir, rétthafi þeirra fjármuna

sem málið lýtur að.

Í dómi Hæstaréttar Íslands 5. febrúar 2015 var frávísun skaðabótakröfunnar rökstudd með því að bótakrefjandi hefði hvorki endurgreitt X-hópnum umrædda fjármuni né verið falið málsóknarumboð til innheimtu þeirra. Með málsóknarumboði er átt við umboð þar sem umboðsmaðurinn kemur fram í eigin nafni eða fyrir hönd umbjóðanda undir rekstri tiltekins máls, eins og stefnandi gerir í þessu máli. Verður heimild stefnanda til að höfða mál í skjóli slíks málsóknarumboðs að vera reist á ákvæðum settra laga eða eiga næga stoð í dómvenju, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 146/2008.

Engin ákvæði eru í settum lögum er veita stoð fyrir því að stefnandi höfði málið í eigin nafni á grunni málsóknarumboðs frá öðrum stjórnmalaflokkum í X-hópnum innan Y.

Dómvenja var fyrir því framan af 20. öld að lögmenn kæmu fram í dómsmálum hér á landi eins og þeir stæðu að málarekstrinum í eigin nafni en fyrir hönd erlendra aðila. Á síðustu áratugum hefur þessi háttur á málshöfðun erlendra aðila verið aflagður, enda rök til þess að líta svo á að í raun hafi lögmenn í þessum tilvikum komið fram í skjóli málflutnings- en ekki málsóknarumboðs. Fær málshöfðun stefnanda, A, fyrir hönd X-hópsins ekki stoð í þessari dómvenju.

Í þessu máli leitar stefnandi dóms um greiðslu skaðabóta fyrir hönd hóps, sem stefnandi tilheyrir, á grundvelli málsóknarumboða annarra stjórnmalaflokka innan sama hóps. Aðstæður eru því aðrar en í þeim tilvikum þar sem dómstólar hafa heimilað að félög, sem er ætlað að gæta hagsmuna meðlima þess, höfði mál á grundvelli málsóknarumboða í þágu réttinda tiltekinna félagsmanna, þó að sá háttur á málshöfðun eigi sér ekki beina stoð í lögum. Verður málshöfðun stefnanda fyrir hönd X-hópsins ekki reist á slíkum fordæmum.

Önnur dæmi úr dómafrankvæmd sem stefnandi hefur vísað til, m.a. frá miðri síðustu öld, geta að mati dómsins ekki heldur veitt stoð fyrir málshöfðun í þeim búngi sem hér um ræðir. Verður heimild stefnanda, A, til þess að höfða mál þetta á grundvelli málsóknarumboða stjórnmalaflokka í X-hópnum því hvorki reist á ákvæðum settra laga né dómvenju. Annmarki af þessum toga veldur frávísun málsins og ber því að fallast á þá kröfu stefnda.

Með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 250.000 krónur.

Ásmundur Helgason héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

### **Ú R S K U R Ð A R O R Ð:**

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Stefnandi, A fyrir hönd X-hóps innan Y, greiði stefnda, B, 250.000 krónur í málskostnað.

Ásmundur Helgason